

„Já, hiklaust“ – Carl Bildt

EVROPUMÁL



Össur
Skarphéðinsson
utanríkisráðherra

Eitt þarf ég að leiðréttá í grein minni um góðan gest – Carl Bildt. Ég sagði þar tvennt standa upp úr Íslandsheimsókn hans: Annars vegar lýsing hans á hvernig aðild að ESB hefði styrkt sænskt efna-hagslíf. Hins vegar að þrátta fyrir ágreining í upphafi væru nú velflestir Sviar hlynntir aðild – utan öfgamenn til hægri og vinstri.

Ég steingleymdi hins vegar að minnast á þriðja grundvallaratriðið hjá honum – sjálft fullveldið.

Í Silfrinu lýsti Bildt nöturlega göllum EES-samningsins fyrir Ísland og Noreg, sem verða möglunarlaust að taka við ákvörðunum ESB og innleiða án þess að hafa nokkur áhrif. Bildt var spurður af Silfur-Agli hvort hann teldi fullveldi þjóða meira innan ESB en utan. „Já, hiklaust“ svaraði hann einbeittur.

Bildt útskýrði í framhaldinu hvernig Svíþjóð hefur haft áhrif og gætt hags-muna sinna með því að eiga sæti við borð-ið með hinum 26 aðildarríkjum Evrópu-sambandsins. Sömu reynslu höfum við heyrт frá öðrum gestum, eins og forseta Litháen og utanríkisráðherra Eistlands. Bæði, líkt og Carl Bildt, sögðu skýrt: „Fullveldi eykst með þátttöku, ekki ein-angrun.“

Kjarnaatriði

Þessi reynsla góðra vinaþjóða leggur til hvílu kjarnaatriði í neikvæðum mál-flutningi Evrópuandstæðinga – að Ísland glati sjálfstæði sínu og fullveldi með því að ganga í ESB. Reynsla þeirra af inn-göngu i ESB segir þvert á móti að full-veldi Íslands muni aukast með því að eiga þátt í sameiginlegum ákvörðunum um sameiginleg hagsmunamál. Í dag húkum við frammi á gangi þegar Evr-ópusambandið tekur ákvárdanir og fáum svo löggjöfina senda í tölvupósti. Halló, var einhver að tala um aðlögun?

Óll þekkjam við hvernig krónuhag-kerfið grefur í dag stöðugt undan dugnaði og útsjónarsemi fólks, Ísland dregst aftur úr, og fullveldi okkar sem einstak-linga minnkar. Þess vegna mun efna-hagslegur stöðugleiki sem fylgir aðild með lægri vöxtum, lægri verðbólgu og þar með lægri skuldum – auka fullveldi okkar sem einstaklinga. Carl Bildt hitti því naglann á höfuðið betur en hann kannski gerði sér grein fyrir.

Fullveldisrökin eru því tvímælalaust já-megin í Evrópuumræðunni. Nema góðir Íslendingar trúi Birni Bjarnasyni og Hjörleifi Guttormssyni betur en Carl Bildt.